

## 41 . fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 07.04 2020, kl. 13:;30

---

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Gunnar Gunnarsson 2 varamaður sem mætir í stað Eiríks J. Kjerúlf sem boðað hefur forföll.

Undir 1. lið mættu Gunnar Gunnarsson og Ann-Marie Schlutz. Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður Gunnarsstofnunar sat dagskrárliði 2., 3. og 4.

### Dagskrá

#### 1. Hjarðaból

#### 2. Gunnarsstofnun

#### 3. Hengifoss

Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða dags. 11.03 2020

#### 4. Tilnefning stjórnarmanns í stjórn Skógarafurða ehf

#### 5. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2019, fyrri umræða

#### 6. Fjallaskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á starfssvæði SSSA

#### 7. Viðarkynding í Végarði

#### 8. Sýslumaðurinn á Austurlandi dags. 16.03 2020

Ósk um umsögn útgáfu rekstarleyfis veitingastaðar í flokki II

#### 9. Aðgerðir vegna COVID 19

#### 10. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

a) 3 bréf dags. 10.02 2020

b) Minnisblað Kristins Bjarnasonar lögmanns

#### 11. Fjallaskálar: Fjallaskarð og Hrakströnd

#### 12. Bréf

a) Styrktarsjóður EBÍ 2020, dags. 16.03 2020

b) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 06.03 2020

c) Sveinn Ingimarsson, tölvupóstur 01.04 2020

#### 13. Fjárbeiðnir

a) Krabbameinsfélag Íslands, Mottumars

b) SÁÁ

#### **14. Fundargerðir**

- a) Almannavarnarnefnd Austurlands 17.02-02.03-09.03-16.03-23.03-30.03 2020
- b) Samfélagsnefnd 26.03 2020
- c) Húsnefnd Végarðs 20.03 2020
- d) Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps 04.03 2020
- e) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 24.02 2020
- f) Aðalfundur Ársala bs 10.03 2020
- g) Stjórnarfundur Ársala bs 10.03 2020
- h) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 10.03 2020

#### **15. Skýrsla framkvæmdastjóra**

#### **16. Önnur mál**

##### **1. Hjarðaból**

Gunnar og Ann-Marie fóru yfir hugmyndir þeirra um uppbyggingu ferðaþjónustu á Hjarðarbóli. Þau hafa í allnokkurn tíma unnið að því að fá að taka við jörðinni af Gunnari Þórarinssyni. Þau óska eftir að opna samræðu við sveitarstjórn um uppbyggingu á Hjarðarbóli og Hengifossvæðinu.

##### **2. Gunnarsstofnun**

Skúli fór yfir starfsemi Gunnarsstofnunar og þau verkefni sem tengjast þjónustusamningi við Fljótsdalshrepps, og unnið var að á síðasta ári.

##### **3. Hengifoss**

Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða til byggingar þjónustuhúss við Hengifossá, dags. 11.03 2020

Sveitarstjórn lýsir yfir vonbrigðum með ákvörðun Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða. Sveitarstjórn hefur óskað eftir rökstuðningi fyrir ákvörðun sjóðsins.

*Gunnar Gunnarsson kom inn á fundinn*

##### **4. Tilnefning stjórnarmanns í stjórn Skógarafurða ehf**

Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Skúla Björn Gunnarsson í stjórn til 1 árs.

Samningur um hlutafjárframlag Fljótsdalshrepps í Skógarafurðir var undirritaður af oddvita 9. mars 2020.

## 5. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2019, fyrri umræða

Ársreikningurinn kynntur sveitarstjórn og vísað til annarrar umræðu.

## 6. Fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á starfssvæði SSA

Sveitarstjórn vísaði málinu til umsagnar í Fjallskilanevnd og hefur nefndin farið yfir fjallskilasamþykktardrögin, með þeim breytingum sem gerðar hafa verið eftir að fjallskilanevndin tók drögin fyrir síðast. Nefndin kemur með ábendingar og gerir eftirfarandi athugasemdir við drögin (breytingar eru rauðmerktar):

### 11. grein

Eftir að fé hefur verið sleppt að vori og allt til fyrstu gangna, má enginn smala afréttir eða upprekstrarheimalönd, né valda búpeningi sem þar gengur ónæði, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Heimilt er þá sveitarstjórnnum að ákveða smölun afrétta og upprekstrarheimalanda á því tímabili, ef þær aðstæður kynnu að skapast sem krefðust þess. Fjáreigandi sem hyggst smala heimaland fyrir 1. september, skal tilkynna fjallskilastjóra um það með þriggja daga fyrirvara hið minnsta. **Honum er skylt að gera skil á afbæjarfé og eiganda að sækja það.** Óheimilt er að valda búpeningi í ógirtum heimalöndum ónæði allt frá því fé er sleppt að vori til 1. september. „

Bent er á óskýrt orðalag í 22. grein, þar sem talað er um að bóndi eða umráðamaður jarða eigi að „hirða kindur sem finnast í heimalandi hans eftir að fjallskilum er lokið“

Í umræðu sveitarstjórnar um málið, benti Lárus á að ekki er lagaleg stoð (11. grein) í því að landeigandi megi ekki valda búpeningi sem þar gengur ónæði, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

Einnig benti Lárus á að það sama á við í 20. grein þar sem að smölunarkostnaður skuli greiddur af fjáreiganda, landeiganda og fjallskilasjóði í jöfnum hlutföllum.

Framkvæmdarstjóra falið að koma þessum ábendingum og athugasemdum til nefndarinnar.

## 7. Viðarkynding í Végarði

Varðar umsókn í Orkusjóð vegna uppsetningar á viðarkyndingu í Végarði. Tandraberg á Eskifirði hefur boðið sveitarfélaginu að taka þátt í tilraunaverkefni í samstarfi við Orkusjóð, um notkun á viðarperlum til húshitunar. Samþykkt með 4 atkvæðum og 1 á móti.

## 8. Sýslumaðurinn á Austurlandi dags. 16.03 2020

Ósk um umsögn Fljótsdalshrepps um útgáfu rekstarleyfis veitingastaðar í flokki II

Varðar endurnýjun á rekstrarleyfi Klausturkaffis ehf. Fyrir liggja jákvæðar umsagnir frá Brunavörnum á Austurlandi, HAUST og byggingar- og skipulagsfulltrúa Fljótsdalshrepps.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps veitir jákvæða umsögn og staðfestir jafnframt að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsóknin lýtur að, sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segir til um.

## 9. Aðgerðir vegna COVID 19

Að undanförunu hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir og lagabreytingar sem hafa áhrif á sveitarfélög s.s.

Ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, er varðar tímabundna heimild til að funda með fjarfundabúnaði.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkir, til að tryggja starfhæfi sitt og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn Fljótsdalshrepps, að ef þörf krefur verði notaður fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og fastanefndum sveitarfélagsins og engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefndum sveitarfélagsins í fjarfundarbúnaði.

Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að ritun fundargerða fari fram með öðrum hætti en mælt er fyrir um í leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins, um ritun fundargerða, nr. 22/2013. Fundargerð skal annað hvort deilt með öllum fundarmönnum á skjá í lok fundar, lesin yfir og síðan staðfest með tölvupósti eða undirrituð rafrænt. Í samræmi við lagabreytinguna gildir þessi heimild til 18. júlí 2020.“

Þá hefur verið gerð breyting á sveitarstjórnslögum er varðar 64. grein um viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélags, þannig að sveitarstjórnnum er heimilt að víkja frá skilyrðum 1. og 2. tölulið. 2. mgr. 64. gr. við stjórn sveitarfélagsins árin 2020-2022. Breytingin snýr að ákvæðum um jafnvægisreglu og skuldareglu.

Sveitarstjórnir fá 30 daga frest til að skila ársreikningi.

Bráðabirgðaákvæði var sett við lög um tekjustofna sveitarfélaga, er heimilar gjaldendum fasteignaskatta í C-flokki (atvinnuhúsnæði), sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls, að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum fasteignaskatts sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020. Gjalddagi og eindagi greiðslna sem frestun tekur til er 15. janúar 2021.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hefur samþykkt að gjalddagar fasteignaskatta á yfirstandandi ári verði 3, með 1 mánaðar millibili. Sveitarstjórn mun setja nánari reglur er varða heimildir til frestunar greiðslna.

Sveitarfélögum og stofnunum og byggðasamlögum þeirra er heimilt að sækja um hlutabótaúrræði Vinnumálastofnunar.

En ekki er skýrt hvort sveitarfélög falli undir breytingar á lögum um virðisaukaskatt á árinu 2020 er varðar 100 % endurgreiðslu vsk af vinnu manna við nýbyggingar og endurbætur á húsnæði.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur hvatt til viðbragða sveitarfélaga við efnahagsástandi því sem blasir við, með viðspyrnu gegn samdrætti í þjóðarbúskapnum.

Sveitarstjórn Fljótshrepps fyrirhugar að taka þessi mál sérstaklega til umræðu á næstu fundum sínum og ræða viðbrögð.

Stjórn Búnaðarsambands Austurlands hefur með tölvupósti dags. 24.03 2020, bent sveitarfélögum á Austurlandi á að víða í sveitum býr fólk sem teljast aldurs síns vegna, vera í áhættuhópi er varðar Covid 19, og biðja forsvarsmenn að sjá til þess að litið verði til þess að sinna þörfum þessa íbúa sveitarfélaganna.

Staða þessara íbúa hefur m. a. verið til umræðu á fundum Almannaþingarnefndar Austurlands, félagsþjónustan leggur fram liðveislu og í samstarfi Bændasamtaka og búnaðarsambanda hefur verið unnið að því að tryggja afleysingaþjónustu. Mikilvægt einnig að íbúar styðji hvern annan og láti vita ef þörf er á aðstoð.

#### **10. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga**

a) 3 bréf dags. 10.02 2020

Fyrir liggja drög að svarbréfum til Eftirlitsnefndar. Framkvæmdarstjóra falið að skrifa undir bréfin og senda nefndinni.

b) Minnisblað Kristins Bjarnasonar lögmanns, dagsett 3.4.2020.

Fljótshreppur óskaði eftir að lögmaður sveitarfélagsins gerði grein fyrir lagalegri stöðu Fljótshrepps (sveitarfélagsins) gagnvart eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga (EFS).

Lagt fram til kynningar.

#### **11. Fjallaskálar: Fjallaskarð og Hrakströnd**

Oddvita falið að ræða við gangnastjóra um framgang verksins og semja við verktaka um að framkvæma verkið á grundvelli kostnaðaráætlunar dagsett 30. september 2019, sem unnin var af Sveini Þórarinssyni byggingar-og skipulagsfulltrúa Fljótshrepps.

Samþykkt samhljóða.

#### **12. Bréf**

a) Styrktarsjóður EBÍ 2020, dags. 16.03 2020

Stefnt er að sækja um í styrktarsjóðinn vegna samfélagsverkefnisins Fögur framtíð í Fljótshreppi. Umsóknarfrestur er til 30.apríl.

b) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 06.03 2020

Varðar tilnefningu sveitarfélaga á austurlandi um sameiginlegum fulltrúa í Hreindýraráð.

Fljótshreppur samþykkir fyrir sitt leyti að stjórn SSA tilnefni sameiginlegan fulltrúa sveitarfélagana á svæðinu í Hreindýraráð.

- c) Sveinn Ingimarsson, tölvupóstur 01.04 2020

Ósk um upplýsingar á styrkjum til einstaklinga og fyrirtækja síðustu 10 ár, aðra en umhverfis- og menntastyrkja ásamt rökstuðningi fyrir styrkveitingum.

Framkvæmdarstjóra falið að taka saman upplýsingarnar og senda Sveini.

### **13. Fjárbeiðnir**

- a) Krabbameinsfélag Íslands, Mottumars. Samþykkt að styrkja söfnunina um 15.000 kr.  
b) SÁÁ. Samþykkt að styrkja SÁÁ um 10.000 kr.

### **14. Fundargerðir**

- a) Almannaþingarnefnd Austurlands 17.02-02.03-09.03-16.03-23.03-30.03 2020

Kynnt.

- b) Samfélagsnefnd 26.03 2020. Kynnt.

- c) Húsnefnd Végarðs 20.03 2020. Kynnt.

- d) Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps 04.03 2020

Í fundargerðinni (liður 1. og 2. ) er lagt til að ráðast í átak í örnefnaskráningu í sveitarfélaginu.

Ferðamálanefnd telur að eftirtalin verkefni skuli vera í forgangi við merkingar:

Tröllkonustígur, Melarétt, stígur í Ranaskógi og skilti sem benda á næsta salerni.

Ferðamálanefnd leggur til við sveitarstjórn að kannað verði hvort starfsmenn Vatnajökulspjóðgarðs séu reiðubúnir að taka út stíginn upp að Strútsfossi. Þá leggur ferðamálanefnd til að kannaður verði hugur umráðafólks svæðisins í kringum fossinn til frekari stikunar gönguleiðar upp að fossi og umhverfi hans.

Framkvæmdarstjóra sveitarfélagsins falið að athuga hvort verkefni geta fallið innan gildandi þjónustusamninga við Óbyggðasetur og Gunnarsstofnun, þ.e. utan örnefnaskráningar sem er hafin.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa lið 4 b í fundargerðinni til umræðu í fjallskilanefnd.

Fundargerðin að öðru leiti lögð fram til kynningar.

- e) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 24.02 2020. Kynnt.  
f) Aðalfundur Ársala bs 10.03 2020. Kynnt.  
g) Stjórnarfundur Ársala bs 10.03 2020. Kynnt.  
h) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 10.03 2020. Kynnt.

### **15. Skýrsla framkvæmdastjóra**

Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðalfundi Lánasjóðs sveitarfélaga ohf sem fyrirhugaðir voru 26. mars, var frestað vegna Covid 19 veiru, líkt og mörgum öðrum viðburðum og liggur ný tímasetning ekki fyrir.

Fyrirtækið Hrafshóll ehf vill vinna með sveitarfélögum að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni.

Umhverfisstofnun kallaði eftir áætlun sveitarfélaga vegna refaveiða 2020-2022, áætlun fyrir Fljótsdalshrepp hefur verið skilað inn.

Sótt hefur verið um styrk úr Styrkvegasjóði Vegagerðarinnar til lagfæringa á veg í Suðurmúla.

Landgræðslan vinnur að kortlagningu ástandsmats gróður og jarðvegs á öllu Íslandi í verkefninu GróLind ([www.grolind.is](http://www.grolind.is)). Einnig er verið að kortleggja þau svæði sem nýtt eru fyrir sauðfjárbætur og þau svæði sem ekki geta flokkast sem beitolönd.

Ríkisstjórnin hefur boðað að gripið veðri til víðtækra aðgerða vegna stöðu og horfa í efnahagsmálum. Í samstarfi við Austurbrú var kallað eftir fjárfestingaáætlunum sveitarfélaga á Austurlandi og áætlunum sveitarfélaganna þ.a.l. komið á framfæri.

Samband íslenskra sveitarfélaga minnir sveitarfélög að greiða framlag til orlofsnefnda (orlof húsmæðra 2020), sem á árinu 2020 er að lámarki 116,98 kr. per íbúa.

Vegna kórónuveirufaraldar og takmarkana á samveru fólks, fara fundarhöld nú að mestu fram sem fjárfundir.

## 16. Önnur mál

Framkvæmdarstjóri kynnti nýja íbúaskrá. Íbúar skráðir í Fljótsdalshreppi 1. desember 2019 eru 86 .

Næsti sveitarstjórnarfundur (aukafundur) verður 16. apríl kl. 13:30

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:55

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Gunnar Gunnarsson (sign)